



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um samning við sjálfstætt starfandi leikskóla vegna reksturs leikskólans Bakka

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 24. apríl 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Til stóð að gengið yrði frá samningum fljótlega eftir áramót við sjálfstætt starfandi leikskóla um rekstur leikskólans Bakka í Staðahverfi. Nú eru liðnir tæpir fjórir mánuðir án þess að það hafi verið gert. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær megi búast við að gengið verði frá samningum og hvenær þess sé að vænta að hægt verði að opna nýjan leikskóla í húsnæði Bakka..

Svar:

Eignaskrifstofa Reykjavíkur auglýsti húsnæði leikskólans Bakka til leigu fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla í janúar 2023. Umsókn LFA ehf. um húsnæðið var samþykkt í mars 2023. LFA ehf. rekur sjálfstætt starfandi leikskólana Korpukot og Fossakot í Grafarvogi. Í kjölfarið óskaði LFA ehf. eftir framlagi til reksturs leikskóla í húsnæði Bakka fyrir allt að 58 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Þann 25. maí 2023 var aukið framlag til LFA ehf. vegna reksturs í húsnæði Bakka samþykkt í borgarráði.

Ráðgert er að LFA ehf. opni leikskóla í húsnæði Bakka í ágúst 2023.